



Verðbólgan lækkaði niður í 2,9% í mars

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,52% milli mánaða í mars og mælist 12 mánaða verðbólga nú 2,9%, samanborið við 3,0% í febrúar. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,66% milli mánaða og mælist 2,4% verðbólga á þann mælikvarða, samanborið við 2,1% í febrúar.

Niðurstaðan var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,5% til +0,7%. Við höfðum spáð +0,5%. Verðbólgan á fyrsta fjórðungi er 3,1%, en í febrúarútgáfu *Peningamála* var gert ráð fyrir 3,4%.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- Mest áhrif til hækkunar hafði liðurinn **föt og skór**. Þessi liður hækkaði óvenju lítið í febrúar eftir janúarútsölur og gefur það til kynna að útsölnurnar hafi teygt sig inn í febrúarmánuð. Það er óvenjulegt en ekki óþekkt og gerðist þetta síðast árið 2017. Vegna þessa gerðum við ráð fyrir að hækkunin í mars yrði töluvert meiri en venjulega en hún reyndist þrátt fyrir það töluvert meiri en við spáðum.
- **Flugfargjöld til útlanda** hækkuðu um 5,4% en við höfðum spáð 5,6% hækkun.
- **Bensín og díselolía** hækkaði í samræmi við verðmælingu okkar.
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,21% en við höfðum spáð óbreyttu verði. Þetta kom á óvart, sérstaklega í ljósi þess að vísitala íbúðaverðs lækkaði um 0,5% milli mánaða í febrúar.
- **Tómstundir og menning** lækkaði óvænt um 0,33%. Skýrist lækkunin meðal annars af 6% lækkun á útbúnaði fyrir íþróttir og útilegur og 3,3% lækkun á pappír og ritföngum.


Gerum ráð fyrir 2,7% verðbólgu í júní

Eins og staðan er í dag reiknum við með um +0,1% í apríl, +0,1% í maí og +0,2% í júní. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,7% í júní.

| | Vægi í VNV | Breyting | |
|------------------------------|------------|--------------|-------------|
| | | milli mánaða | tólf mánaða |
| Matur og drykkjarv. | 11,3% | -0,08% | 4,2% |
| Áfengi og tóbak | 2,4% | -0,45% | 1,9% |
| Föt og skór | 3,5% | 9,50% | 1,2% |
| Húsn. án reikn. húsaleigu | 13,4% | 0,27% | 4,6% |
| Reiknuð húsaleiga | 21,5% | 0,21% | 3,8% |
| Húsgögn og heimilisb. | 3,9% | -0,45% | 3,0% |
| Heilsa | 3,9% | 0,05% | 1,9% |
| Ferðir og flutningar - annað | 3,9% | 0,29% | 0,1% |
| Kaup okutækja | 8,5% | -0,04% | 4,6% |
| Bensín og díselolía | 3,3% | 1,86% | 7,0% |
| Flugfargjöld til útlanda | 1,2% | 5,44% | -9,8% |
| Póstur og sími | 2,1% | 0,67% | -6,0% |
| Tómst. og menning | 9,6% | -0,33% | 1,2% |
| Menntun | 0,7% | 0,00% | -1,7% |
| Hótel og veitingast. | 5,1% | 0,52% | 3,0% |
| Aðrar vörur og þjónusta | 5,8% | 0,54% | 3,0% |

Heimild: Hagstofa Íslands


Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguþspá




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mánaðarbreyting VNV í mars




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting undirliða á tólf mánaða tímabili



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.